

Reykjavík, 11. maí 2023

Alþingi, nefnda- og greiningasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK**Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025, 982. mál.**

Vísað er til bréfs nefnda- og greiningarsviðs Alþingis, dags. 28. apríl 2023, þar sem Fjaraskiptastofu var gefinn kostur á að senda inn umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025, 982. mál.

Fjaraskiptastofa hefur kynnt sér tillöguna og telur hana almennt vel unna og gagnlega til að þjóna markmiðum sínum. Fjaraskiptastofa er hins vegar þeirrar skoðunar að í köflum um aðgerðir og markmið í fjarskiptum, upplýsingatækni og netöryggi, væri til mikilla bóta að bæta við markmiðum um öryggi og áfallapol almennra fjarskiptaneta.

Í aðgerðaáætlun fyrir fjarskipti, upplýsingatækni og netöryggi eru tveir liðir sem snúa að netöryggi, en þar er fremur átt við öryggi kerfa og upplýsinga fremur en hinna eiginlegu efnislegu fjarskiptaneta, en öryggi net- og upplýsingakerfa er skilgreint með eftirfarandi hætti í lögum nr. 78/2019 um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða; *Geta net- og upplýsingakerfis til að standast, með tilteknu öryggisstigi, hvers konar aðgerðir sem stofna í hættu aðgengi að sannvottuðum uppruna, réttleika eða trúnaði um vistuð, send eða unnin gögn eða tengda þjónustu sem boðin er eða er aðgengileg um þessi net- og upplýsingakerfi.*

Fjaraskiptastofa telur ekki síður mikilvægt að huga að öryggi og áfallapoli efnislegra fjarskiptaneta. Mikilvægt er að gerðar séu ráðstafanir til þess að tryggja stöðuga virkni neta, enda reiðir starfsemi í samfélaginu sig í æ ríkari mæli á aðgengi að fjarskiptum, auk þess sem hafa verður í huga að fjarskiptanet eru mikilvægt öryggistæki í hvers kyns hættuástandi. Því er þörf á að leggja mat á öryggi og áfallapol þeirra neta sem starfrækt eru í landinu og skoða hvar úrbóta er þörf í því skyni að auka öryggi. Fjaraskiptastofa hefur nýlega unnið áhættumat fyrir fjarskiptanet landsins fyrir þjóðaröryggisráð og sýnir það ótvírætt fram á að þörf er á því að efla áfallapol fjarskiptaneta almennt. Þar má t.d. nefna aðgerðir til þess að verja fjarskiptanet,

uppsetning varaleiða sem geta tekið við umferð ef rof verður á fjarskiptaleiðum og aðgang að varaafgjöfum ef rafmagn fer af fjarskiptavirki.

Reynslan hefur sýnt að ætíð er þörf á því að vera vakandi fyrir ógnum sem steðja að fjarskiptanetum. Óveður og náttúruhamfarir hafa haft áhrif á virkni fjarskiptaneta og í ótryggu ástandi í alþjóðamálum er rétt að vera á varðbergi gagnvart hugsanlegum skemmdarverkum á fjarskiptanetum. Gefa þarf þessum málaflokki sérstakan gaum og þörf er á áætlun um hvernig hægt er að ná hámarksárangri í að tryggja öryggi fjarskiptaneta. Atlantshafsbandalagið hefur jafnframt kynnt 7 grunn viðmið sem lúta að því að tryggja borgaralega virkni samfélaga. Eitt þessara grunn viðmiða eru *áfallapolin borgaraleg fjarskiptakerfi*¹.

Í markmiðakafla tillögunnar er lauslega komið inn á mikilvægi örugggra og áfallapolinna neta, en að mati Fjarskiptastofu mætti það endurspeglast betur í aðgerðalista í kafla III um stefnumótandi aðgerðir.

Með vísan til ofangreinds leggur Fjarskiptastofa til eftirfarandi viðbót við aðgerðaráætlun í fjarskiptum, upplýsingatækni og netöryggi.

Í kafla III bætist við nýr liður 3.10 í upptalningu aðgerða sem styðji við markmið í fjarskiptum, upplýsingatækni og netöryggi:

3.10. Aðgengi að áreiðanlegum og áfallapolnum fjarskiptanetum verði tryggt fyrir alla íbúa landsins.

Til frekari skýringa á þessum lið er rétt að nefna eftirfarandi:

Til þess að ná markmiði um tryggt aðgengi að áreiðanlegum og áfallapolnum fjarskiptanetum verði m.a. lögð áhersla á að mikilvægir fjarskiptastaðir verði tengdir tveimur stofntengingum og að varaafli tryggi uppítíma við tímabundið rafmagnsleysi frá veituspennu.

Horft verði til eftirfarandi þátta til að ná markmiðinu:

1. Samkeppni í stofnnetum verði tryggð, eftir því sem unnt er. Til að tryggja áreiðanleika og áfallapol stofnnetna skulu stofnsambönd vera tryggð með a.m.k. einni varaleið og þá skal hugað sérstaklega að varaafli á mikilvægum fjarskiptahnútstöðvum
2. Sem flest heimili og vinnustaðir geti a.m.k. tengst tveimur aðgangsnetum (fastaneti og farneti) og að þessi net verði a.m.k. tvítengd á fjölmennari þéttbýlisstöðum.

¹ <https://www.nato.int/docu/review/articles/2019/02/27/resilience-the-first-line-of-defence/index.html>

3. Sett verði reglugerð um öryggi fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu sem stuðli að auknu áfallaboli fjarskipta.
4. Þar sem markaðsbrestur ríkir varðandi öryggi fjarskiptaneta geti hið opinbera komið með aðstoð.
5. Haldið verði áfram að tryggja öryggi tenginga til útlanda, m.a. með áherslu á varðar stofnflutningsleiðir og með því að tryggja nægilega dreifingu landtökustaða og Internetumferðar. Þá verði lögð áhersla á gervihnattasambönd sem þrautarvara þegar önnur kerfi bresta.

Virðingarfyllt,
f.h. Fjarskiptastofu



Þorleifur Jónasson,
Sviðsstjóri innviðasviðs